13. Framfarahorfur Eyrarbakka.
Hvað veldur fólksflutningum þaðan ?

4 blš. oct.

# Framtíðarhorfur Eyrarbakka.

Nú er svo komið högum okkar Eyrbekkinga, að fólksflutningar eru að hefjast héðan til annara staða á landinu og það meira að segja fyrir alvöru; liggur þá næst að gjöra sér grein fyrir orsökum hans og afleiðingum. Það mun upphaflega svo varið, að þar sem beztu menn einhvers héraðs fara að hefja flugið og yfirgefa héraðið til fulls, þá er það jafnan ills viti og hefur ávalt við meiri eða minni rök að styðjast. Það má einnig heita svo á það, að menn sem einu hafa flutzt eða fæðst og uppalist í einhverju héraði og búið um sig þar eftir beztu föngum, byggt sér hús, komið sér upp skipa útveg eða ráðist í ýms kostnaðarsöm fyrirtæki, að þeir fara ekki að taka sig upp og flytja í burtu í ýmsum lítt þekkt héruð frá því öllu fyr en í fulla hnefana eða fyr en þeim finnst að skórinn sé farinn að kreppa að þeim fyrir alvöru. Þegar við lítum nú til þess, að í ráði er að nokkrir okkar beztu manna munu hafa í hyggju að flytja héðan á þessu vori — enda nokkrir þegar farnir — menn sem alla tíð hafa verið meðal okkar beztu manna, ekki

einungis í efnalegu tilliti, svo að þeir þess vegna hafa borið hinar þyngri útgjaldabyrðir kaupfélagsins, heldur og meðal allra beztu félagsmanna í hvívetna, þá er það sannarlega í augum uppi að slíkir menn fara í burtu og mikill sjónarsviptir að þeim. Það er því einmitt þannig farið með menn þá er flytja munu héðan að vori og þá sem fóru í vor. Flestir þeirra hafa verið meðal allra beztu félagsmanna í G.T. félaginu, það er því óumræðanl. skaði fyrir það að missa þá og vand fyllt skarð þeirra í því, en það gráta nú meir allir Eyrbekkingar. En hvað er það nú sem þessir menn flýja? Um það eru auðvitað skiptar skoðanir og um hinar sönnu orsakir vita eflaust engir nema mennirnir sjálfir. En ég fyrir mitt leyti freistast til að spyrja þannig: Skyldu hin alkunnu yfirráð Lóðarinnar engan þátt eiga því? Ætli þessir menn hafi aldrei fundið til þess að yfirráðin hafi á stundum verið nokkuð sérstök og einkennileg, því þó þau hafi ekki komið

beinlínis fram við þessa menn, má óhætt
búast við því, að þeir hafi séð það er fram hefur
farið í kringum sig og kunnið á þann máls-
háttinum alkunna: „Þegar nágrannans veggur
brennur er þínum hætt". Munu þessir menn
ekki hafa orðið þess varir, að meinhægir menn og
umkomulitlir fátæklingar hafa orðið að flýja fyrir
ofríki með hús sín og eignir í burtu af lóð sinni
á annan friðsamlegri stað? Eða orðið varir
við að fátækustu fjölskyldumenn hefur hópum
saman verið byggt út af lóð þeirri er þeir höfðu
búið á um lengri tíma – byggt út fyrir engar
aðrar sakir en þær að þeir vildu ekki láta skrúfa
upp við sig lóðargjaldið þvert ofan í lög og
landsvenjur ~~um sama leyti~~ Sömu dagana sem annar
lóðareigandi útbýtti 100 kr. til fátæklinga
annars í kringum sig. Slíkan umsvifa mann
og yfirdrottnara þessa, mundu menn ekki vilja
þola og líða af fáum tímum alla æfi, án þess
að sjá neina hlífð eða velvild frá honum
í öðrum málum. Er það þá nokkur furða

Hvað veldur fólksflutningum þaðan ?

þó góðum og nýtum mönnum hrís næst hugur við að slíta sér og vinnu út á því að leggja krafta sína fram og sjá þess lítil staði opt og einatt? Munu ekki fleiri en ég finna til þess, hve öndvert það er og andstætt allri framför og fögru ófi starfi, að ýmsir þeir menn, sem völdin hafa fengið, ekki af verðleikum eða af viðurkendum hæfileikum, beita þeim til þess að kefja niður það og níða á allar lundir, sem aðrir eru að leitast við að leggja upp, almenningi til gagns og gleði: setja sig öndverða móti öllum framfaratilraunum og félagsskap, sem ekki miðar eingöngu til þess að hefja þá sjálfa upp til skýjanna eða kitla þeirra eigin hégómlegu tilfinningar. Það þarf meiri en meðal hjárænuskap og húsgangs hugsunarhátt til að búa undir slíkum yfirráðum til lengdar, enda gera menn það annaðhvort alls ekki eða þá nauðugir af því þeir geta ekki annað.